



HKLI2GB03B  
Hársnyrting 2

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun – vorönn 2023

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

**earnaarna@fsu.is**

**Áfangalýsing:** Nemandinn fær þjálfun í klippingum á æfingahöfði, öðlast grunnþekkingu á formklippingu (herra) og aukna þekkingu á jafnsíðu formi, fláa, auknum styttnum, jöfnum styttnum og þynningu. Kynnt er vinna með klippivélum með mismunandi kömbum og mismunandi aðferðir við þynningu í hári. Nemandinn dýpkar skilning sinn og færni í gerð verklýsinga og nýtingu þeirra.

**Markmið áfangans:**

**Þekking:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum.
- notkun og umhirðu klippivéla.
- notkun og gerð verklýsinga.

**Leikni:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- klippa hnakka og hliðartopp snöggt með vél og skærum.
- klippa formklippingu á æfingahöfði samkvæmt kennslukerfi.
- klippa dömu- og herraklippingar samkvæmt verklýsingu á æfingahöfði.
- gera verklýsingar fyrir dömu og herraklippingar

**Hæfni :** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum.
- gera verklýsingar.
- geta séð fyrir sér form í klippingum.

**Námsmat** Símat